

Sp.

## 190. Tillaga til þingsályktunar

[108. mál]

um athugun á hentugu vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson,  
Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, með hvaða hætti Siglufirði verði helzt komið í varanlegt vegarsamband við Skagafjörð (Fljót). Skal athugun þessari lokið fyrir 1. okt. 1954.

### Greinargerð.

Vegur sá, sem nú tengir saman Siglufjarðarþingstað og yzta hluta Skagafjarðarbyggða að austanverðu (Fljót) og liggur um Siglufjarðarskarð, hefur valdið Siglufirðingum og raunar Skagfirðingum einnig hinum mestu vonbrigðum. Hefur raunin orðið sú, síðan vegur þessi varð akfær árið 1947, að hann hefur aðeins orðið að notum í 2—3 mánuði um hásumarið, 3—4 mánuði er bezt lætur, er snjóalög eru lítil og vorhlýindi, eins og t. d. var á síðastliðnu vori. Á hverju vori er varið til þess tugum þúsunda að ryðja snjó af veginum í Siglufjarðarskarði, og dæmi eru til þess, að byrja þarf aftur að ryðja snjó af honum í ágústmánuði til þess að halda honum opnum til umferðar eitthvað fram eftir hausti.

Má af þessu marka, að af vegasambandinu um Siglufjarðarskarð er Siglufirðingum og Skagfirðingum allt of lítil samgöngubót, eins og því sambandi er nú háttað. Hins vegar er þess að gæta, að úr Skagafirði, einkum austur- og ytri sveitum fjarðarins, fá Siglufirðingar langmest af landbúnaðarafurðum, sem þeir neyta. Má geta þess, að á þessu ári munu þeir kaupa þaðan mjólk, kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir fyrir a. m. k. 4 milljónir króna.

Megnið af þessum afurðum hefur þurft að flytja með skipum fram að þessu vegna hins ófullkomna vegasambands, og er augljóst, að slíkir flutningar eru miklu óhentugri og fyrirhafnarmeiri en landflutningar og koma sér auk þess mjög illa vegna hættu á skemmdum sumra vörutegunda við slíka flutninga, t. d. mjólkur og sláturs um sláturtímamann á haustin.

Að minnsta kosti 8—9 mánuði ársins slitna Austur-Skagfirðingar úr öllum beinum tengslum við Siglufjörð og koma ekki afurðum sínum á markað, t. d. mjólk, né geta notað leiðina um Siglufjarðarskarð til aðdráttu, en á Siglufirði afla þeir sér að jafnaði ýmissa nauðsynja, t. d. kola og annars eldsneytis.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að bættar samgöngur á landi milli Siglufjarðar og Skagafjarðar eru hið mesta nauðsynjamál, engu síður fyrir landbúnaðarhéruð Skagafjarðar en Siglufjörð.

Leiðin um Siglufjarðarskarð er snjóþung mjög, enda liggur vegurinn þar í um 600 metra hæð, sprengdur og grafinn inn í brattar hlíðar og ófærur. Er vegurinn mjög brattur og seinfarinn og veldur miklu sliti á bifreiðum.

Til er önnur leið, snjólétt, en ógreiðfær milli Siglufjarðar og Fljóta, út með Siglufirði að vestan, um svo nefnda „Stráka“, Úlfsdali og síðan inn með Skagafirði yzt og austast um svo nefnda Almenna fyrir utan Hraun í Fljótum. Er það þessi leið fyrst og fremst, sem flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að athuguð verði sérstaklega sem hugsanlegt vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðarbyggða.

Má í þessu sambandi benda á, að Ólafsfirðingar hafa nýlega hafizt handa um lagningu vegar fyrir Ólafsfjarðarmúla, þar sem aðstæður til vegargerðar munu að mörgu leyti vera svipaðar og við lagningu vegar út með Siglufirði um „Stráka“. Er síðarnefnda leiðin þó styttri en leiðin fyrir Ólafsfjarðarmúla og vafasamt, hvort hún muni vera nokkuð ógreiðfærari.